

Ágæti forseti. Ágætu þingfulltrúar.

Jæja, nú styttist í að kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði verði lausir, og trúið mér, nú mun hræðsluáróðurinn og varnaðarorðin óma um allt íslenskt samfélag á nýjan leik.

Varnaðarorð eins og: „Þið verðið að semja um afar hófstilla samninga, alls ekki meira en 2 til 3% á ári því annars fer allt til andskotans! „Verðbólgan rýkur upp, gengið fellur og stöðugleikinn verður rústir einar!“ Á þessu var til dæmis hamrað í frægri auglýsingu frá Samtökum atvinnulífsins í fyrra.

Þessari rispuðu plötu er ætíð skellt á fóninn þegar kemur að því að semja um kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði. Því miður eru æði margir sem syngja sönginn um að hópar íslensks verkafólks og iðnaðarmanna eigi einir að bera ábyrgð á stöðugleika í íslensku samfélagi.

Þennan söng syngja hátt og skýrt forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins, greiningarstjórar bankanna og fulltrúar stjórnvalda að ógleymdum seðlabankastjóra.

Því miður hefur verkalýðshreyfingin tekið þátt í að syngja þennan söng líka, enda var gefin út hljómplata samhliða kjarasamningum 2011 og 2013, plata sem bar titillagið „Samræmd láglaunastefna“.

Sorry, kærufélagar, það er ekki hægt að hafa samræmda láglaunastefnu í flimtingum. Kaup og kjör okkar félagsmanna eru dauðans alvara, enda er hér um lífsviðurværi fólks að ræða.

Bæði í kjarasamningum 2011 og 2013 var samið um svokallaða samræmda launastefnu, launastefnu þar sem ekki mátti taka tillit til sterkrar stöðu útflutningsfyrirtækja eins og til dæmis í ferðaþjónustunni, svo ekki sé talað um í sjávarútveginum sem hefur skilað ævintýraleikum hagnaði á liðnum árum svo nemur tugum milljarða ár hvert.

Nei, það mátti ekki fara fram á alvöru leiðréttingu t.d. á kjörum fiskvinnslufólks nema sem nam nokkur þúsund króna hækkun á mánuði, því allir áttu að taka þátt í samræmdri launastefnu.

Já, það er alls ekki hægt að láta þetta átölulaust enda liggur fyrir að nægt svigrúm var til alvöru launahækkana.

Sem dæmi þá greiddi sjávarútvegurinn sér 6,3 milljarða í arð árið 2012 og í fyrra námu arðgreiðslur í sjávarútvegi tæpum 12 milljörðum. Þær jukust því um 79% á milli ára.

Það er ekki bara í sjávarútvegi sem afkoman er góð um þessar mundir, hún er líka góð í ferðaþjónustunni, en þar ríkir hálfgerð gullgrafaraæði sem hefur alls ekki skilað sér til þeirra sem starfa í greininni, enda eru laun í ferðaþjónustunni léleg og kjarasamningsbrot hvað tíðust þar.

Afkoma hefur einnig verið með ágætum víðar í atvinnulífinu og sem dæmi þá hafa Hagar sem eiga og reka t.d. Bónus og Hagkaup skilað á milli 2 til 3 milljörðum í hagnað ár hvert.

En takið eftir, það virðist bara hafa verið afgreiðslufólk á kassa sem þurfti að taka laun eftir samræmdu láglaunastefnunni hjá Högum og fékk kassafólkið heilar 9.750 krónur í hækkun á mánuði í síðustu samningum.

Öðru máli gegndi með æðstu stjórnendur Haga, þeir hafa á liðnum misserum hækkað vel í launum og námu laun og bónusar t.d. 6 æðstu stjórnenda 240 milljónum árið 2013 sem gerir 40 milljónir að meðaltali.

Það er þyngra en tárur taki að verða vitni að því ár eftir ár að valdaklíkan í íslensku samfélagi krefjist þess að gengið verði frá hófstílltum kjarasamningum til handa alþýðunni til að viðhalda hér einhverjum ímynduðum stöðugleika.

Valdaklíkan krefst þess að gengið sé frá samræmdri launastefnu þar sem verkafólk og iðnaðarmönnum er gert skylt að taka lágmarkslaunahækkunarir. En það hvarflar ekki að valdaklíkunni sjálfri að taka laun eftir samræmdri launastefnu.

Að hugsa sér meðan fulltrúar atvinnulífsins voru að krefja verkafólk og iðnaðarmenn um að ganga frá afar hófstíllum launahækkunum þá voru þeir sömu að skammta sér ofurlaunahækkunarir eins og enginn væri morgundagurinn.

Tökum dæmi, bankastjóri Íslandsbanka hækkaði um rúmar 400.000 kr. á mánuði árið 2013 sem gerir rúm 15% og því til viðbótar fékk hann 3,6 milljónir í bónus. En rétt er að geta þess að umræddur bankastjóri situr í aðalstjórn Samtaka atvinnulífsins, en hlutverk aðalstjórnar er að móta kjarastefnu SA fyrir launafólk á hinum almenna vinnumarkaði.

Tökum annað dæmi um aðila innan Samtaka atvinnurekenda sem krefur verkafólk um afar hóflegar launahækkunarir, en hækkar sjálfur um milljónir á mánuði.

Hér er ég að tala um forstjóra Bláa lónsins sem er fyrrverandi varaformaður Samtaka atvinnulífsins og núverandi formaður Samtaka ferðaþjónustunnar en hann var með rétt rúmar 3 milljónir í mánaðarlaun árið 2011 en er í dag samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar með 6,3 milljónir. Hækkun upp á rúmar 3 milljónir á mánuði eða sem nemur 110%

Hver man ekki eftir bónuskerfinu sem tekið var upp hjá N1 til handa lykilstjórnendum, bónuskerfi sem átti að geta skilað allt að 19 milljónum á ári. Þetta bónuskerfi var sett á á sama tíma og verið var að krefja launafólk á hinum almenna vinnumarkaði um 2,8% launahækkun

Enda liggur fyrir að forstjóri N1 hækkaði á einu ári um tæp 27% og lykilstjórnendur um rúm 47%

Það liggur líka fyrir að forstjóri Eimskips hækkaði um tæp 18%

Það stórunderlega í þessu er að þetta eru allt fyrirtæki að stórum hluta í eigu okkar og það í gegnum lífeyrissjóðina.

Ágætu þingfulltrúar, græðgin, óréttlætið og misskiptingin hefur enn og aftur náð að skjóta föstum rótum í íslensku samfélagi og allt bendir til þess að atvinnulífið hafi ekkert lært af sjálftökunni og græðginni sem átti sér stað fyrir hrún. Græðgi sem endurspegladist í kaupaukum, bónusum og ofurlaunum æðstu stjórnenda íslenskra fyrirtækja.

Þessi græðgi og óréttlæti sáust t.d. í síðasta tekjublaði Frjálsrar verslunar en þar kom fram að næstráðendur hefðu hækkað um 600.000 kr. á mánuði í launum og æðstu stjórnendur á bilinu 2 til 300 þúsund.

Já kæru félagar, hún er flott samræmda launastefnan hjá þessum aðilum. Á sama tíma er verkafólki og iðnaðarmönnum ætíð stillt upp við vegg og samið um lítið sem ekkert til að raska ekki hinum margfræga stöðugleika.

Ef laun eru skoðuð frá árinu 2000 þá kemur í ljós að prósentuhækkningar samkvæmt kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði eru einungis 64% en frá sama tíma hækkaði launavísitalan um 161%.

Á þessu sést að það er ætíð bullandi launaskrið hjá milli- og æðstu stjórnendum sem og hjá starfsfólki í fjármála og váttryggingargeiranum.

Ágætu þingfulltrúar. Hins vegar er rétt að ítreka það að prósentur segja ekki nema hálfan sannleikann þegar fjallað er um launahækkningar hópa og prósentur eru algerlega til þess fallnar að blekkja íslenskt verkafólk.

Það sem skiptir launafólk mestu máli er hversu margar krónur það fær í sitt launaumslag, ekki prósentur. Það liggur fyrir að ef 1 króna er sett ofan á aðra krónu þá er það hækkun upp á 100%

Já kæru félagar, prósentur blekkja og það er grátbroslegt þegar forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins og reyndar fleiri standa og öskra hátt og skýrt: lágmarkslaun hafa hækkað mest og reka svo út kassann og segja: okkur hefur tekist að verja kaupmátt lægstu launa.

En kæru félagar, skoðum þetta rugl aðeins nánar um að allir hafi verið svo góðir og gjafmildir við verkafólk. Í fyrsta lagi voru lágmarkslaun á Íslandi árið 1998 70.000 kr. Núna 16 árum seinna eru þau komin upp í 214 þúsund á mánuði sem gerir hækkun uppá 206%. Á bakvið þessi 206% er krónutöluhækkun sem nemur einungis 144.000 krónum á 16 árum sem þýðir að lágmarkslaun hafi hækkað að meðaltali um 9.000 kr. á ári þessi 16 ár.

En takið eftir, næstráðendur íslenskra fyrirtækja hækkuðu um 600.000 kr. á mánuði bara á árinu 2013. Málið er líka að við förum ekki í Bónus eða aðrar verslanir og greiðum með prósentum, við borgum með krónum.

En hvað skyldu laun forstjóra nokkurra stórfyrirtækja hafa hækkað frá 1998? Skoðum það aðeins.

Árið 1998 var forstjóri ESSO sem núna er N1 með árstekjur uppá 18,7 milljónir. Í dag er forstjóri N1 með 52 milljónir. Hefur hækkað um rúmar 33 milljónir á ári eða sem nemur tæpum 3 milljónum á mánuði. Hækkun upp á 176,5%.

Hver man ekki eftir forstjóra Flugleiða, en hann var árið 1998 með 13,9 milljónir í árslaun. Núverandi forstjóri Icelandair Group er hinsvegar með laun sem nema rúmum 44 milljónum á ári sem er hækkun um rétt rúmar 30 milljónir á ári eða sem nemur rúmri 2 og hálfri milljón á mánuði. En takið eftir þetta er prósentuhækkun upp á 218%.

Forstjóri Eimskips var með 27,6 milljónir í árslaun árið 1998, en núverandi forstjóri Eimskips er sagður vera með 90,5 milljónir sem gerir hækkun um 63 milljónir á ári eða 5,2 milljónir á mánuði. Þetta er hækkun upp á 228%.

Já þessir snillingar eru svo sannarlega búnir að hugsa um sig. Hafa hækkað um milljónir á mánuði og meira að segja með hærri prósentuhækkun en hækkun lágmarkslauna á sama tímabili.

Kæru félagar, það er til orðatiltæki sem segir brennt barn forðast eldinn. Í tvígang er verkalýðshreyfingin innan ASÍ búin að skaðbrenna sig vegna samræmdrar launastefnu, enda hefur hreyfingin m.a. sleppt gullnu tækifæri til að bæta kjör lágtekjuhópa þar sem afkoma fyrirtækja er ævintýrleg, til dæmis í fiskvinnslunni, ferðapjónustunni og víðar.

Það hvarflar ekki að öðrum launahópum að taka þátt í samræmdri launastefnu, þar fara menn fram af fullri hörku hvort sem það eru kennarar sem hækkuðu um 16,5% á fyrsta ári samningsins eða flugstjórar sem hækkuðu um rúm 9% í þriggja mánaða samningi.

Meira að segja friðelskandi starfsstétt eins og tónlistarkennarar hófu verkfall í dag.

Ég myndi vilja sjá sömu hörkuna hjá forystu ASÍ gagnvart Samtökum atvinnulífsins eins og sambandið hefur sýnt gagnvart stjórnvöldum, en ASÍ réðst í mikla auglýsingaherferð undir yfirskriftinni fjárlagafrumvarpið er aðför að launafólki. Flottur kraftur þar, en þegar kemur að okkar aðalsamningsaðila sem eru að sjálfsögðu atvinnurekendur þá er ekki fyrir sömu hörkunni að fara og það nema síður sé.

Ágætu félagar. Ég vil upplýsa ykkur um að ef Verkalýðsfélag Akraness hefði ekki barist gegn samræmdri launastefnu allt frá árinu 2011 á þeim vígstöðum þar sem félagið hafði tók á að gera það eins og í sérkjarsamningum á Grundartanga þá væru laun verkafólks í þeim samningum 540.000 kr. lægri á ári en þau eru í dag og laun iðnaðarmanna rétt tæpum 700.000 kr. lægri á ársgrundvelli. Takið eftir 700.000 kr.

Á þessari forsendu má klárlega gera nýja auglýsingu sem myndi segja: samræmd launastefna var aðför að verkafólki og iðnaðarmönnum.

Að lokum vil ég segja þetta kæru þingfulltrúar, lærum af reynslunni og brennum okkur ekki enn eina ferðina með því að fara leið samræmdrar láglaunastefnu. Takk fyrir.